

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 24. janúar 1997

um að heimila óafmáanlegt letur á tilskildum upplýsingum á umbúðum olíu- og trefjajurtafræja og um breytingu á ákvörðun 87/309/EBE um að heimila óafmáanlegt letur á tilskildum upplýsingum á umbúðum ákveðinna fódurjurtafræja

(97/125/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/72/EB <sup>(2)</sup>, einkum a-lið 1. mgr. 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/72/EB, einkum a-lið 1. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Yfirleitt er ekki heimilt að markaðssetja fódurjurtafræ og olíu- og trefjajurtafræ nema á umbúðunum sé opinber merkimiði í samræmi við ákvæði tilskipunar 66/401/EBE eða tilskipunar 69/208/EBE.

Samt sem áður má heimila óafmáanlegt letur á tilskildum upplýsingum á umbúðunum í samræmi við fyrirmyndina að merkimiðanum.

Framkvæmdastjórnin hefur þegar veitt slíka heimild með ákvörðun 80/755/EBE <sup>(4)</sup>, eins og henni var breytt með ákvörðun 81/109/EBE <sup>(5)</sup>, að því er varðar sáðkorn og með ákvörðun 87/309/EBE <sup>(6)</sup>, eins og henni var breytt með ákvörðun 88/493/EBE <sup>(7)</sup>, að því er varðar fræ tiltekkinna fódurjurta.

Samkvæmt þessum ákvörðunum voru heimildirnar veittar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem tryggja að ábyrgðin hvíli áfram á vottunaraðilanum.

Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel.

Æskilegt er að veitt verði sams konar heimild með sömu skilyrðum fyrir olíu- og trefjajurtafræ.

Enn fremur er æskilegt að framlengja heimildina fyrir fódurjurtategundir þannig að hún nái til allra tegunda sem falla undir tilskipun 66/401/EBE.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkjunum er hér með veitt heimild, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. mgr., til að kveða á um að tilskildar upplýsingar séu letraðar undir opinberu eftirliti á umbúðir utan um olíu- og trefjajurtafræ sem flokkast undir „stofnfræ“ og „vottað fræ“.
2. Eftirfarandi skilyrði gilda um leyfið sem nefnt er í 1. mgr.:
  - a) tilskildu upplýsingarnar skulu letraðar eða stimplaðar óafmáanlega á umbúðirnar;
  - b) útlit og litur letursins eða stimpilsins skal vera í samræmi við þá fyrirmynd að merkimiða sem notuð er í viðkomandi aðildarríki;
  - c) að því er tilskildu upplýsingarnar varðar skulu að minnsta kosti þær sem krafist er í 3. og 4. lið a-liðar í A-hluta IV. viðauka við 69/208/EBE letraðar eða stimplaðar á þegar sýni eru tekin skv. 2. mgr. 7. gr. framangreindrar tilskipunar og skulu opinberir aðilar áletra eða stimpla eða það skal gert undir opinberu eftirliti;
  - d) í viðbót við tilskildu upplýsingarnar skulu allar umbúðir fá sérstakt raðnúmer sem opinberir aðilar úthluta þeim og skal fyrirtækið sem sér um umbúðamerkingar letra eða stimpla það óafmáanlega á umbúðirnar. Þetta fyrirtæki skal tilkynna vottunaraðilanum um þann fjölda umbúða sem dreift er og raðnúmer þeirra;
  - e) vottunaraðilinn skal skrá magn fræs sem merkt er á þennan hátt, að meðtöldum númerum og innihaldi umbúða í hverri vörueiningu og raðnúmerunum sem um getur í d-lið;
  - f) vottunaraðilinn verður að geta skoðað skrár framleiðenda.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 10.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB nr. L 207, 9. 8. 1980, bls. 37.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. EB nr. L 64, 11. 3. 1981, bls. 13.

<sup>(6)</sup> Stjútíð. EB nr. L 155, 16. 6. 1987, bls. 26.

<sup>(7)</sup> Stjútíð. EB nr. L 261, 21. 9. 1988, bls. 27.

2. gr.

veitt er í 1. gr. Framkvæmdastjórnin tilkynnir það hinum aðildarríkjunum.

Ákvörðun 87/309/EBE er breytt sem hér segir:

í 1. mgr. 1. gr. kemur orðið „fóðurfræ“ í stað orðanna „gráertu- og hestabaunafræ“.

3. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni samkvæmt hvaða skilyrðum þau notfæra sér heimild þá sem

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. janúar 1997.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

---